

## REGLUGERÐ

### Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

#### Stofnun og stjórn.

##### 1. gr.

Akraneskaupstaður og Hitaveita Borgarfjarðar eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, skammstafað HAB, hér eftir nefnt hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi milli aðila 23. mars 1979, þar sem kveðið er á um stjórn hennar og skipulag.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar og varnarþing er á Akranesi.

Stjórn hitaveitunnar ræður framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar.

#### Gildissvið.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt starfssvæði hitaveitunnar nema annað sé tekið fram.

#### Einkaleyfi.

##### 3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu á starfssvæði sínu. Hitaveitan getur gert samkomulag við utanfélagsaðila um rekstur hitaveitu. Verða þeir þá að hlíta ákvæðum reglugerðar þessarar sbr. 2. gr.

#### Bókhald og fjárreiður.

##### 4. gr.

Skrifstofa hitaveitunnar annast bókhald hennar og fjárreiður og innheimtir hitaveitugjöld.

#### Verkefni.

##### 5. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu á starfssvæðinu. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar og virkjunarrétt, láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni eða varma til notenda.

Hitaveitan skal einnig reisa og reka önnur mannvirki, sem eru nauðsynleg og hagkvæm á hverjum tíma, svo sem miðlunargeyma, dælustöðvar og kyndistöðvar.

#### Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.

##### 6. gr.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig, að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvuð um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

**Ábyrgð og skyldur húseiganda.****7. gr.**

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis húss.

Húseigandi og húsráðandi bera ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

**Afnot varmaorku.****8. gr.**

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á hemlagrind, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en segir í 1. mgr. þá þarf til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

**Afrennslisvatn frá húskerfum.****9. gr.**

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s. frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða afrennslisvatnið í frárennslis hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. Hitaveitan getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslid, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt.

Ef húsráðendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

**Lagnir veitukerfis.****10. gr.**

Hitaveitan á og lætur leggja allar lagnir veitukerfisins: aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar og heimæðar ásamt þeim innanhúslögnum, sem liggja að hemla og mælagrindum, svo og grindurnar sjálfar með tilheyrandi búnaði. Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin.

Hitaveitunni er heimilt að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í byggingarskilmála, þar sem um nýja byggð er að ræða. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg neðstu hæðar (kjallari 1 hæð) ásamt nauðsynlegu rými fyrir mæla- eða hemlagrind og annan búnað. Ef inntak og hemlagrind eru ekki í sama herbergi, skal tengilögn þar í milli vera óhulin.

Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mæla- eða hemlagrind er staðsett. Skal grindin ætíð vera aðgengileg starfsmönnum hitaveitunnar.

**Hitaveitugjöld.****11. gr.**

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem vatnsgjöld og stofngjöld skv. nánari ákvæðum í gjaldskrá.

Gjaldskrá hitaveitunnar miðast við að sami hitunarkostnaður verði á öllu starfssvæði hitaveitunnar.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 21 dags frá gjalddaga. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Sá sem vanskilum veldur greiðir allan kostnað af lokun og enduropnun samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

### Viðhaldsskylda.

#### 12. gr.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á aðveituæðum stofnæðum, dreifiæðum og heimæðum, svo og lögnum innanhúss að og með hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi húss við veituna og telst dreifikerfið ná þangað.

Tenging vatnshitunarkerfis húss við hemlagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal hús-eigandi annast og kosta.

### Uppdrættir.

#### 13. gr.

Uppdráttur skal gerður í samræmi við lög og reglur um byggingamál. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin.

Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

Ef uppdráttir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er, og ber hús-eigandi allan kostnað af því.

Varðveita skal eitt eintak uppdráttu í skjalasafni hitaveitunnar.

### Réttur til að annast hitalagnir.

#### 14. gr.

Þeir sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdráttu, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Hitaveitustjóri getur áskilið að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsúðu.

Engir aðrir en þeir, sem réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningarmeistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, þá getur hitaveitan samþykkt að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot.

### Tenging við hitaveituna.

#### 15. gr.

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan starfssvæðis veitunnar er skylt að láta tengja hitakerfi hússins og lagnir fyrir heitt kranavatn við veituna. Heimilt er þó að veita undanþágur frá þessu ákvæði.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælir, öryggisloki eða öryggisbúnaður samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar.

Á hitakerfum tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu skal nota sjálfvirka afrennslisloka og/eða annan búnað sem heldur hæfilegum þrýstingi á hitakerfum samkvæmt fyrirmælum hitaveitunnar.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, þá getur hitaveitan ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

### Eftirlit.

#### 16. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykktá uppdrætti, lög og reglur er gilda um byggingarmál.

Pípulagningarmeistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndinga og vera viðstaddur þegar hita er hleypt á hitakerfi. Skal hann ganga úr skugga um, að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslshitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal hann tryggja að stjórnþæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum sem settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal jafnan hafa frjálstan aðgang að hitalögnum bæði innan húss og utan. Húseiganda er skytt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun húss. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum.

### Hemlar og mælar.

#### 17. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð hemla og mæla, sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Hemlar og mælar þessir eru í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli hemils eða mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Notandi hemils er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem hemillinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfmánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að hemill sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun að mesta skekkja sé innan við 10%, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 4 mánuði.

Öll þau ákvæði sem eru um hemla skulu gilda jafnt um mæla, ef selt er samkvæmt mælataxta, að því undanskildu að reynist mælir mæla skakkt, skal leiðréttá reikning í samræmi við það, þó ekki lengur en 4 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

### Refsiákvæði.

#### 18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum.

Með slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir aðili að vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og er hitaveitunni bá

heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1980.*

**Hjörleifur Guttormsson.**

*Páll Flygenring.*

## GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

### 1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæli-aðferðum.

### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember enda verði beiðni þ.a.l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að vikja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

### 4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0.25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1.50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- a) **Vatnsgjald um hemil** kr. 16 500 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b) **Vatnsgjald um vatnsmæli** kr. 825 fyrir hvern rúmmetra.
- c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45